

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg
Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
[REDACTED]
200 Kópavogur

Reykjavík, 15. janúar 2023
Tilvísun: 202307110 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi brúar yfir Fossvog, Kópavogsbær og Reykjavíkurborg

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 2. janúar 2023, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 19. september 2023. Athugasemdir bárust á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 28. nóvember 2023 og í borgarstjórn Reykjavíkurborgar þann 5. desember 2023 ásamt umsögn um framkomnar athugasemdir, dags. 14. nóvember 2023.

Samhliða var auglýst breyting á deiliskipulagi Kársneshafnar.

Fyrir liggur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar dags. 30. apríl 2020.


Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun skipulagssvæðis úr 4,9 ha í 6,9 ha. Gerð er breyting á legu landfyllingar, akbrautar og stíga. Skilgreind er staðsetning háspennustrengs og varúðarsvæðis hans í landi Kópavogs.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 11. maí 2023.


Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar vegna eftirfarandi:

- Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar sbr. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð. Nauðsynlegt er að leggja mat á og rökstyðja hvort breytingin hafi áhrif á vatnsskipti, straumhegðun, útskolunargetu og fl.
- Gera þarf grein fyrir stærð og umfangi landfyllingar eftir breytingu, sbr. gr. 5.3.2.7 í skipulagsreglugerð og einnig umsögn Umhverfisstofnunar dags. 5. september 2023.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog. Samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 31. janúar 2019 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. febrúar 2019. Mkv. 1:1000



Breyting á deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog í mkv. 1:1000.

Brú yfir Fossvog Breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 31. janúar 2019 og í bæjarstjórn Kópavogs 12. febrúar 2019. Í deiliskipulagi var miðað við frumdrög að brú, landfyllingum og tengingum við gatna- og stígakerfi í báðum sveitarfélögum. Árið 2021 var haldin alþjóðleg samkeppni um hönnun brúarinnar og unnin var forhönnun 2022-2023. Þessi breyting á deiliskipulagi er gerð til þess að samræma deiliskipulagið við hönnun brúarinnar. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 27. júlí - 19. september 2023. Umsagnir og ábendingar sem bárust á auglýsingatíma leiddu ekki til breytinga á tillögnum. Eftir auglýsingu og eftir yfirferð Skipulagsstofnunar voru gerðar breytingar á texta á uppdætti og skýringarmyndum bætt við til þessa að gera betur grein fyrir breytingunum.

Í breytingunni felst:

- Í Kópavogi hlíðrast planlega brúarinnar um 12 m til vesturs til að ná betri tengingu við Bakkabraut.
- Í Reykjavík hlíðrast planlega brúarinnar um 30 m til austurs til að stytta leið almenningsganganna milli Háskólans í Reykjavík og Kársness um 55 m og til að einfalda hæðarlegu.
- Á brúnni verða tvær akreinar fyrir almenningsgöngur, ein í hvora átt, með tvöfalda hjólastíg vestan megin og göngustíg austan megin.
- Í upprunalegu deiliskipulagi er leiðbeinandi lega göngu- og hjólastíga, áningarstaða og staðsetning biðstöðva fyrir almenningsvagna sýnd á uppdætti. Í breytingu er leiðbeinandi lega stíga uppfærð og fallið er frá því að staðsetja biðstöðvar á deiliskipulagsvæðinu.
- Deiliskipulagsmörk breytast til að rúma að fullu landfyllingar við brúarendana og frágang á grjótvamargarði.
- Deiliskipulagsmörk eru færð að lóðarmörkum Vesturvarar 38A til vesturs og til austurs. Það er gert til að rúma götu, stíga og landfyllingu innan marka deiliskipulagsins. Samhliða er gerð breyting á deiliskipulagsáætlun Kársnesahafnar, Vesturvör 38A og B.
- Við breytingu á deiliskipulagsmörkum stækka deiliskipulagsvæðið úr 4,9 ha í 6,9 ha.
- Landfyllingar við báða brúarendana breytast og er áætluð stækkun á landfyllingum um 3.400 m².

	Fyrir breytingu (m ²)	Eftir breytingu (m ²)	Mismunur
Reykjavík	6.100	8.800	2.700
Kópavogur	1.300	2.000	700
Samtals	7.400	10.800	3.400

- Í tengslum við undirbúning á framkvæmdum við brúna var háspennustrengur sem lá á milli Kópavogs og Reykjavíkur færður þannig að hann liggur austan og norðan megin við lóðarmörk Vesturvarar 38A. Miðlína háspennustrengs er sýnd á uppdætti ásamt kvöð um 4 metra varúðarsvæði til beggia hliða.
- Litir á uppdætti breytast til að sýna betur mun á milli hjóla- og göngustíga í, samræmi við deiliskipulagsáætlunir fyrir Borgarlínu sem eru í vinnslu.
- Að öðru leyti er vísað í greinargerð og skilmála deiliskipulags fyrir Brú yfir Fossvog.

Umhverfisáhrif:


- Í viðauka 1 við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er miðað við að gera þurfi umhverfismat fyrir landfyllingar yfir 5 ha að stærð en heildarumfang landfyllinga á deiliskipulagsvæðinu er einungis 0,34 ha, sem er undir þessum mörkum.
- Í kafla 4.2 Mat á áhrifum deiliskipulagsins í deiliskipulagsgreinargerð kemur fram að umhverfisáhrif deiliskipulagsins eru að mestu talin jákvæð. Ákveðið var að hafa brúna 270 m langa til að takmarka umfang landfyllinga og draga þannig úr neikvæðum umhverfisáhrifum mannvirkisins. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu er m.a. tilgreint (og vísað til greiningar Vatnaskila frá 2019) að skv. athugunum á straumum tryggji 270 m brú full vatnsskipti. Auk þess sé svo mikil opnun ólíkleg til að hafa áhrif á tilflutning botnsins á fríflýstum svæðum. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar var ekki þörf á að gera umhverfismat fyrir upprunalegt deiliskipulag Fossvogsbrúar.
- Breytingar á landfyllingum eru óverulegar og eru ekki taldar líklegar til að hafa aukin áhrif á umhverfið umfram það sem gert er ráð fyrir í upprunalegu deiliskipulagi.

Uppfært eftir auglýsingu, 31. október 2023:


- Skýringarmyndum bætt við til þess að gera betur grein fyrir breytingum.
- Texti uppfærður m.t.l. málsmeðferðar.

Uppfært eftir yfirferð Skipulagsstofnunar, 31. janúar 2024 :


- Texti uppfærður í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar; Breytingu á stærð landfyllinga og ítarlegri umföllun um umhverfisáhrif bætt við.




Skýringarmynd: Lega brúar fyrir og eftir breytingu, mkv. 1:5000



Skýringarmynd: Deiliskipulagsmörk fyrir og eftir breytingu, mkv. 1:5000



Skýringarmynd: Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 samþykkt 18.1.2022



Skýringarmynd: Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 samþykkt 30.12.2021

Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Mörk deiliskipulags
- Reykjavíkurflugvöllur - girðing
- Mörk aðliggjandi deiliskipulagsvæða
- Landfyllingar
- Áningarstaðir
- leiðbeinandi staðsetning

Gildandi deiliskipulag

- Akraut fyrir almenningsgöngur
- Göngu- og hjólastígar
- Biðstöð almenningsgangna
- leiðbeinandi staðsetning

Breytt deiliskipulag

- Akrautir fyrir almenningsgöngur
- Göngustígar
- Hjólastígar
- Strandlína, núverandi
- Strandlína / landfyllingar skv. eldra deiliskipulagi
- Háspennustrengur
- Háspennustrengur, varúðarsvæði

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkurborgar og í bæjarstjórn Kópavogsbæjar _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____.



Brú yfir Fossvog Breyting á deiliskipulagi

Dags.: 11. maí 2023	Mælikvæði: 1:1000 @ A1	Útgáfunr.: A1643-009-U03
Uppfært 31. okt 2023	Uppfært 31. jan 2024	
Teikn./Yfirfarir: PK/HH	Teikn.nr.: 1/1	



Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

23. janúar 2024

A1643-010-U01

Varðar: Afstaða Skipulagsstofnunar til breytingar á deiliskipulagi Fossvogsbrúar

Kópavogsbæ og Reykjavíkurborg hefur borist bréf frá Skipulagsstofnun dags. 15. janúar 2024, þar sem fram kemur að Skipulagsstofnun geti ekki tekið afstöðu til breytingar á deiliskipulagi Fossvogsbrúar vegna eftirfarandi atriða:

- 1. Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar sbr. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð. Nauðsynlegt er að leggja mat á og rökstyðja hvort breytingin hafi áhrif á vatnsskipti, straumhegðun, útskolunargetu og fl.*
- 2. Gera þarf grein fyrir stærð og umfangi landfyllingar eftir breytingu, sbr. gr. 5.3.2.7 í skipulagsreglugerð og einnig umsögn Umhverfisstofnunar dags. 5. september 2023.*

Undirrituð leggja áherslu á að ekki er um umfangsmikla deiliskipulagsbreytingu að ræða. Breytingin er gerð til að aðlaga deiliskipulag að hönnun brúar og að tengingum við gatna- og stígakerfið beggja vegna vogarins. Deiliskipulag fyrir brúna var unnið út frá þeirri frumhönnun sem lá fyrir árið 2018 og í greinargerð var tekið fram að vænta mætti breytinga þegar endanleg hönnun lægi fyrir. Þær breytingar sem nú er gerðar eru ekki taldar umfangsmiklar og áhrif þeirra á umhverfið ekki meiri en gera mátti ráð fyrir í upprunalegu deiliskipulagi.

Til þess að bregðast við fyrri athugasemd Skipulagsstofnunar hefur umfjöllun um umhverfisáhrif breytingarinnar verið bætt við með eftirfarandi texta :

- Í viðauka 1 við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er miðað við að gera þurfi umhverfismat fyrir landfyllingar yfir 5 ha að stærð en heildarumfang landfyllinga á deiliskipulagssvæðinu er undir þessum mörkum.
- Í kafla 4.2 *Mat á áhrifum deiliskipulagsins* í deiliskipulagsgreinargerð kemur fram að umhverfisáhrif deiliskipulagsins eru að mestu talin jákvæð. Ákveðið var að hafa brúna 270 m langa til að takmarka umfang landfyllinga og draga þannig úr

neikvæðum umhverfisáhrifum mannvirkisins. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu er m.a. tilgreint (og vísað til greiningar Vatnaskila frá 2019) að skv. athugunum á straumum tryggji 270 m brú full vatnsskipti. Auk þess sé svo mikil opnun ólíkleg til að hafa áhrif á tilflutning botnsets á friðlýstum svæðum. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar var ekki þörf á að gera umhverfismat fyrir upprunalegt deiliskipulag Fossvogsbrúar.

- Breytingar á landfyllingum eru óverulegar og eru ekki taldar líklegar til að hafa aukin áhrif á umhverfið umfram það sem gert er ráð fyrir í upprunalegu deiliskipulagi.

Varðandi seinni athugasemd Skipulagsstofnunar um að gera þurfi grein fyrir stærð og umfangi landfyllingar eftir breytingu, er bent á eftirfarandi:

- Í upprunalegu deiliskipulagi er gefið upp áætlað umfang landfyllinga og tekið fram að umfang allra mannvirkja miðist við frumhönnun brúarinnar. Við fullnaðarhönnun mátti því gera ráð fyrir að umfang landfyllinga breyttist.
- Eftirfarandi töflu verður bætt við á deiliskipulagsuppráttinn til þess að koma til móts við athugasemd Skipulagsstofnunnar en þar má sjá áætlaðar breytingar á flatarmáli landfyllinga. Lengd brúar er áfram um 270 m.

	Fyrir breytingu m ²	Eftir breytingu m ²	Mismunur
Reykjavík	6.100	8.800	2.700
Kópavogur	1.300	2.000	700
Samtals	7.400	10.800	3.400

Að ofangreindu sögðu er óskað eftir því að Skipulagsstofnun taki afstöðu til breytinga á deiliskipulagi í samræmi 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllst,

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi Kópavogs

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur